

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 127/2016

2017/EES/76/24

frá 3. júní 2016

## um breytingu á XVI. viðauka við EES-samninginn (Opinber innkaup)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir „EES-samningurinn), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/7 frá 5. janúar 2016 um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda <sup>(1)</sup>.
- 2) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 2. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB) í XVI. viðauka við EES-samninginn:

„2a. **32016 R 0007**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/7 frá 5. janúar 2016 um staðlað eyðublað fyrir samevrópska hæfisyfirlýsingu bjóðanda (OJ L 3, 6.1.2016, bls. 16).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/7, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júní 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2016 frá 29. apríl 2016 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel, 3. júní 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútö. ESB L 3, 6.1.2016, bls. 16.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjútö. ESB L 300, 16.11.2017, bls. 49 og EES-viðbætur nr. 73, 16.11.2017, bls. 53.